

REGLUR

um almenna skoðun ökutækja.

1. gr.

Ökutæki skráð hér á landi skal færa til almennrar skoðunar hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. samkvæmt því sem segir í reglum þessum, þannig að ganga megi úr skugga um hvort þau séu í lögmæltu ástandi.

2. gr.

Eftirtalin ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun frá og með næsta ári eftir skráningu:

- a. Bifreiðir til annarra nota en fólksflutninga.
- b. Hópbifreiðir.
- c. Leigubifreiðir til mannflutninga.
- d. Bifreiðir sem ætlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án öikumanns.
- e. Kennslubifreiðir.
- f. Ökutæki til neyðaraksturs.
- g. Eftirvagna sem eru 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira.
- h. Létt bifhjól.

3. gr.

Bifreiðir, bifhjól og skráða eftirvagna, sem eigi eru talin í 2. gr., skal skoða árlega almennri skoðun frá og með þriðja ári eftir að ökutækið var skráð fyrsta sinni.

4. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. ákveður hvar ökutæki skulu færð til almennrar skoðunar skv. reglum þessum. Bifreiðaskoðun Íslands hf. er heimilt að kveðja ökutæki til skoðunar á ákveðnum stað og á ákveðnum tíma.

Eigandi/umráðamaður ökutækis ber ábyrgð á að ökutæki verði fært til skoðunar.

5. gr.

Bifreiðir og eftirvagna skal færa til almennrar skoðunar í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki ökutækisins vísar til. Þannig skal ökutæki með skráningarmerki sem endar á 1 fært til skoðunar í janúar og ökutæki með skráningarmerki sem endar á 0 í október. Heimilt er þó að færa ökutæki til skoðunar allt að sex mánuðum fyrr á almanaksárinu.

Hafi eiganda/umráðamanni ökutækis eigi gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði þess skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.

Í einstökum byggðarlögum er Bifreiðaskoðun Íslands hf. heimilt að veita lengri almannan frest en ákveðinn er í 2. mgr. til að færa ökutæki sem þar eru til skoðunar eða að ákveða að ökutæki sem þar eru skuli færð fyrr til skoðunar en ákveðið er í 1. mgr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. er heimilt að veita lengri frest til að færa ökutæki til skoðunar ef ekki reynist unnt að færa ökutækið til skoðunar á tilskildum tíma vegna þess að það er óökufært. Frest þennan skal tilgreina á sérstökum miða sem eigandi/umráðamaður ökutækisins skal koma fyrir á áberandi stað við framrúðu eða á öðrum þeim stað í ökutækinu sem

Bifreiðaskoðun áskilur. Á miðanum skal koma fram hvert er skráningarmarki ökutækisins, nafn eiganda/umráðamanns, ástæða fyrir fresti og lok hans. Er fresturinn því aðeins gildur að miðinn sé á þeim stað sem tilskilið er og að forsendur frestsins séu enn fyrir hendi.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. ákveður hvenær færa skal bifhjól til almennrar skoðunar.

Öll ökutæki skulu hafa verið færð til skoðunar fyrir árslok.

6. gr.

Nú hafa skráningarmarki ökutækis verið í vörslu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og skal þá færa ökutækið til almennrar skoðunar áður en skráningarmarki eru afhent að nýju. Þetta á þó ekki við um ökutæki sem ekki ber að færa til almennrar skoðunar á almanaksárinu eða ef ökutækið hefur þegar verið fært til almennrar skoðunar á árinu eða ef færa á það til almennrar skoðunar síðar á árinu og það hafði fengið almenna skoðun á næsta almanaksári á undan samkvæmt reglum þar um. Ökutæki sem lögregla hefur tekið skráningarmarki af vegna vanbúnaðar skal þó jafnan færa til skoðunar áður en skráningarmarki eru afhent að nýju.

7. gr.

Nú hefur ökutæki fengið almenna skoðun án athugasemda, eða gerðar hafa verið athugasemdir við atriði sem ekki hafa veruleg áhrif á akstursöryggi ökutækisins og eigandi/umráðamaður þess ábyrgist að bæta þegar úr þeim, og skal þá ökutækið fá nýjan skoðunarmiða. Skoðunarmiða skal komið fyrir á þar til gerðum reit skráningarmarkis ef ökutækið ber þannig skráningarmarki en annars í vinstra og neðra horni framrúðu.

Á skoðunarmiða skulu vera tölustafir sem segja til um það ár sem ökutækið skal næst fært til almennrar skoðunar.

8. gr.

Nú gerir skoðunarmaður athugasemdir við ásigkomulag ökutækis þannig að færa þarf það til skoðunar á ný og skal hann þá veita frest í einn dag ef gera þarf við ökutækið án tafar, en annars veitir hann þrjátíu daga frest til að færa ökutækið til endurskoðunar. Skoðunarmaður skal þá líma grænan miða yfir skoðunarmiða á skráningarmarki, eða í stað skoðunarmiða í framrúðu, er tilgreini þann mánuð sem ökutækið skal í síðasta lagi fært til endurskoðunar.

Nú kemur í ljós við skoðun ökutækis að búnaði þess er verulega áfátt þannig að umferðaröryggi stafar hættu af og skal þá skoðunarmaður banna notkun þess. Skal skoðunarmaður gefa það til kynna með því að líma rauðan miða yfir skoðunarmiða á skráningarmarki eða í stað skoðunarmiða í framrúðu, er kveði á um bann við notkun ökutækisins þar til því hefur verið komið í lögmælt ástand og það fært til endurskoðunar. Þó er heimilt að aka ökutæki stystu leið frá viðgerðarstað til endurskoðunar.

9. gr.

Endurskoðun má framkvæma á verkstæði ef Bifreiðaskoðun Íslands hf. hefur veitt verkstæðinu heimild til að annast slíka skoðun.

10. gr.

Auk skoðunarmiða á skráningarmarki eða í framrúðu skal skoðunarmaður færa niðurstöðu skoðunar í skráningarskírteini. Hann skal og láta eiganda/umráðamanni í té skýrslu um skoðunina.

11. gr.

Eigandi/umráðamaður ökutækis skal ábyrgjast að skoðunarmiði sé til staðar á skráningarmerki, eftir atvikum í framrúðu, ökutækisins og að miðinn sé ávallt greinilegur og læsilegur. Óheimilt er öðrum en starfsmönnum Bifreiðaskoðunar Íslands hf. eða skoðunarmönnum á viðurkenndu verkstæði að fjarlægja skoðunarmiða af skráningarmerki eða úr framrúðu ökutækis.

12. gr.

Pegar ný gerð skráningarmerkja er sett á ökutæki í stað skráningarmerkja af eldri gerð ræðst það af síðusta tölustaf á nýja skráningarmerkjinu í hvaða mánuði það skuli fært til almennrar skoðunar, þó þannig að frestur til skoðunar skv. 2. mgr. 5. gr. skerðist ekki miðað við afhendingu nýju merkjanna.

13. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. ágúst 1989.

Jafnframt falla úr gildi reglur um almenna skoðun ökutækja, nr. 44 8. febrúar 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ökutæki með skráningarmerkjum sem enda á 1–5 skal á árinu 1989 færa til almennrar skoðunar samkvæmt eldri reglum, þó þannig að þau skulu færð til skoðunar eigi síðar en 31. ágúst 1989.

Ökutæki sem fengið hafa skoðunarmiða samkvæmt eldri reglum skal færa til almennrar skoðunar í samræmi við þann skoðunarmiða.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júní 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.